

„Ennþá bara

Þorvaldur Gylfason er þyrjaður að tala um Ísland sem spilt land eftir hrun. Hann segir Íslendinga skulda útlendingum hreinskilni um ástandið hér á landi. Þorvaldur segir Ísland eiga meira sameiginlegt með Ítalíu og Rússlandi en hinum Norðurlöndunum.

Viðtal

Ingi Freyr Vilhjálmsson
ingiv@dv.is



Eiginlega er það furðulegast, nú þremur árum eftir hrun, hversu forhertir þeir eru, flestir eða allir, sem hrintu Íslandi fram af bjargbrúnninni,“ segir Þorvaldur Gylfason, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, samfélagsvísir og fulltrúi í stjórnlagaráði. DV fékk Þorvald til að fara yfir árið sem nú er að líða, stöðu uppjörsins við íslenska efnahagshrunið haustið 2008 sem nú stendur yfir og sýn hans á framtíðina á Íslandi í ljósi þessa hruns.

Viðtalið fer fram í aðdraganda Jólanna á heimili Þorvaldar á efstu hæð í háhýsi við Lindargötu í miðborg Reykjavíkur, yfir rósterku kaffi og smákökum, í hlýlegri stofu þar sem útskornar, afískrar stytur og þung málverk íslenskra meistara þrýða veggina og skapa heimilislegt andrúmsloft. Umráðan smýt fyrst og fremst um hrunið, orsakir þess og afleiðingar, hvað það var sem fór úrskeiðis sem olli hruninu og hvað þarf að bæta til að girða fyrir að annað sambærilegt hrun skelli á. Fókus Þorvaldar í svörum sínum við þessum spurningum um hverfis fyrst og fremst um stjórnmálatengd atriði.

Pólitík og tilfinningar

Flestir sem þekkja til skrifa Þorvaldar vita að í hugsun hans er sterk pólitísk taug, hann er ekki sýður áhugasamur um stjórnmál en hagfræðina sem hann hefur gert að sínu lífsstarfi. Enda er það auðvitað svo að greinarnar tvær, stjórnmál og hagfræðin, eru náskyldur og eru skoðanir hagfræðinga á faginu oft litlaðar af pólitískum meiningum þeirra sjálfa.

Þorvaldur bendir líka á það í viðtalinu að hagfræðingar geti haft pólitískar, tilfinningalegar skoðanir á málum sem öðrum þræði snúast um hagfræðileg álitæfni, til dæmis spurningar um innngöngu Íslands í Evrópusambandinu. Þá spurningu nálgast Þorvaldur á öðrum nótum en hagfræðilegum. Þessi nálgun Þorvaldar hefur ekki heyrst mikið í umræðunni um Evrópusambandsaðildina hér á landi þar sem rökín sem yfirleitt er teft fram eru efnahagsleg en ekki pólitísk. „Ég hef þá skoðun, og hef haft hana í 25 ár, að Ísland eigi heima í Evrópusambandinu. Skoðun mín hvílir ekki á efnahagsrökum fyrst og fremst heldur á stjórnmál-rökum. Þetta er bara félagskapur sem við eigum heima í, alveg eins og mér fannst alltaf að við ættum heima í Norðurlandasamstarfinu og í Atlantshafsbandalaginu. Bara vegna þess að vinir okkar eru þar þá viljum við líka vera þarna. Þessi

skoðun mín felur það í sér að jafnvel þótt einhver næði að sannfæra mig um að kostnaðurinn sem fylgir aðild Íslands að Evrópusambandinu sé meiri en hagurinn sem við höfum af henni þá myndi ég samt vilja fara þangað inn. Einfaldlega vegna þess að sælla er að gefa en að þiggja, eins og segir í hinni góðu bók.“

Rökín sem Þorvaldur beitir í umræðunni um Evrópusambandinu eru því öðrum þræði svokölluð tilfinningarök, rök sem byggja á tilfinningum eða huglægri afstöðu, frekar en efnislegum forsendum og arósemi eða efnahagslegan ágóða af ákvörðuninni. Slík rök heyrðust meðal annars oft hjá íslenskum náttúruverndar-sinum á árunum fyrir hrunið þar sem verðmæti náttúrunnar sem slíkar var teft gegn ætluðu um hagnaði af tilteknum virkjanafurkvaemdum. Í þeirri umræðu urðu náttúruverndar-sinnar oft undir í útreikningum virkjanasinna enda má segja að í slíkum umræðum um virkjanir er mættist tvær andstæðar hugmyndir um verðmæti. Svipaða sögu má segja um Evrópusambandsumræðuna sem Þorvaldur stillir upp.

Þó það sé klisjukennt að segja slíkt þá á Þorvaldur ekki langt að sækja pólitískan áhuga. Faðir hans Gylfi Þ. Gíslason var þingmaður Alþýðuflokksins á árunum 1946 til 1978 og var menntamála-, iðnaðar- og viðskiptaráðgjafi á tímabilinu. Á árunum 1968 til 1974 var Gylfi einnig formaður flokksins. Bróðir Þorvaldar, Vilmundur Gylfason, var sömuleiðis þingmaður Alþýðuflokksins og síðar Bandalags jafnaðarmanna á áttunda og níunda áratugnum. Þá var móðurfaðir Þorvaldar, Vilmundur Jónsson landlæknir, þingmaður Alþýðuflokksins, á fjórða áratug síðustu aldar. Þorvaldur er því alinn upp við víg-völd stjórnmálanna, ef svo má segja, og er því ekki óeðlilegt að pólitíkin sé honum hugleikin.

Hrun og endurskoðun

Pólitískur áhugi Þorvaldar gegnir eins og rauður þráður í gegnum viðtalið í orðum hans; hann áltur mörög af brýnustu úrlausnaræfnum samtímans eftir hrunið á Íslandi vera pólitísk vandamál. Við úrlausn þeirra vill hann jafnvel ganga lengra en margir aðrir við að veita stjórnmálamönnum valdheimildir til að leysa þessi vandamál.

Eitt af því sem Þorvaldur staldrar yfir er eignarhald erlendra kröftuhafa, meðal annars vogunarsjóða, á Arion banka og Íslandsbanka. Þorvaldur segir að hann telji að ríkisvaldið ætti að fhauga lagasetningu sem banni beint eða óbeint eignarhald slíkra sjóða á íslensku bönkunum. „Hver vill hafa erlenda vogunarsjóði í sínu næsta nágrenni? Auðvitað vill það

enginn. Það má segja sem svo að það hafi verið neyðarbraud að þessi leið var farin að láta lánardrottna bankanna eignast þá en þá fóru skuldabréfin í þeim á markað. En bankastarfsemi er bara þannig vaxin að ríkið getur áskilið sér rétt til að breyta lögum sem breyta eignarhaldi á bönkunum. Lög um banka kveða beinlínis á um skilyrði sem eigendur bankanna þurfa að uppfylla. Þetta er munurinn á bankastarfsemi annars vegar og annarri starfsemi, ríkið myndi aldrei skipta sér af iðnfyrirtækjum á sama hátt, af því að almannahagsmunirnir séu svo miklir. Enginn veit í raun og veru, frá degi til dags, hver það er sem á bankana þar sem bréfin ganga kaupum og sölum á milli manna sem menn vita að hafa engan áhuga á því að byggja upp bankastarfsemi handa Íslendingum. Þeir eru bara herna til að reyna að græða sem mest á sem skemmstum tíma og ætla svo að hafa sig á brott. Mér finnst það varasamt að þessi skammtímasjónarmið skuli ennþá vera ofan á.“

Inntakið í pólitískum áhuga Þorvaldar má segja að snúist um róttækar breytingar sem miða að auknu gagnsæi í íslenskum stjórnmálum, minni spillingu og uppbrotti á valdi fjórflokksins, sérstaklega valdi Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, sem hann gagnrýndi í upphafi spjalls okkar.

Þetta eru vandamál sem Þorvaldur og aðrir fulltrúar stjórnlagaráðs hafa reynt að finna lausnir á í frumvarpi sem biður þess að fara í þjóðarkvæðagreiðslu á komandi ári. „Það er lífsnauðsyn að frumvarp stjórnlagaráðs fái að koma í dóm þjóðarinnar, líkt og Alþingi stefnir að. Rauði þráðurinn í frumvarpinu er ábyrgð, gegnsæi og valddreifing. Lykilhugsunin á bak við endurskoðun stjórnarskrárinnar er öðrum þræði að draga úr líkum þess að önnur eins ósköp og gerðust hér endurtaki sig. Eitt af markmiðum frumvarpsins er að reisa eldveggi á milli ólíkra þátta framkvæmdavaldsins, annað er að ráðast gegn leyndinni með því að veita fólki greiðan aðgang að upplýsingum, þriðja atriðið er að tryggja jafnt vægi atkvæða á milli landshluta, fjórða atriðið er að tryggja að auðindir landsins verði í þjóðareigu, fimmta atriðið er að tryggja óspilltar embættaveitingar og svo framvegis.“

Tvær bombur
Þorvaldur segir að í frumvarpi stjórnlagaráðs séu tvö af áður-nefndum atriðum langmikilvægust, að tryggja jafnt vægi atkvæða í kosningum á landsvísu og að koma ákvæði sem tryggir eignarrett þjóðarinnar á auðindum sínum inn í stjórnarskrá. Fyrra atriðið, ójafnt vægi atkvæða í kosningum hér á landi, er aðalastæðan fyrir því að Framsóknarflokkurinn fækk eins marga þingmenn kjörna til Alþingis í kosningum á síðustu öld og raun bar vitni þar sem atkvæði fólks í fámennum kjördæmum á landsbyggðinni höfðu meira vægi en atkvæði íbúa í þéttbýli. Framsóknarflokkurinn byggði valdagrunninn á þessu atkvæðisræmi:



Hrunið vakti okkur Þorvaldur telur að íslenska efnahagshrunið hafi vakið þjófnað og í kjölfarið hafi hún þyrjað að víðurkenna þá spillingu sem hér ríkir.

í krafti þess komust menn eins og Jónas frá Hríflu, Halldór Ásgrímsson og Finnur Ingólfsson til aðstoð áhrifa í íslensku samfélagi.

Frumvarpi stjórnlagaráðs er ætlað að leiðrétta þetta misræmi. „Það eru tvær bombur í frumvarpinu sem skipta langmestu máli. Bara annað þessara atriða myndi nægja mér til að greiða atkvæði með frumvarpinu. Önnur bomban er ákvæðið um jafnt vægi atkvæða. Misvægi atkvæða eftir bústu hefur hvílt eins og mara á þjóðinni frá heimastjórnarárunum og fyrir þann tíma. Hannes Hafstein varaði við öllum hættunum sem við höfum síðan purft að gjalda fyrir. Nú er þetta komið inn í frumvarpi til nýrrar stjórnarskrár. Að mínum dómi er það ábyrgðarhluti að greiða atkvæði gegn frumvarpi til nýrrar stjórnarskrár sem tryggir jafnt vægi atkvæða. Þetta er einfalt mannréttindamál, líkt og fjölmargar mannréttindamefnir erlendis hafa komið auga á og bent á. Margir útlendingar vita ekki að sumir hafa tvísvar sínum meiri atkvæðisrétt en aðrir á Íslandi.“

Þorvaldur segir að mörg af þessum ákvæðum sem stjórnlagaráð tellir fram séu mótvær við hruninu sem auðvitað hafi verið aðalastæðan fyrir því að ákveðið var að ráðast á endurskoðun stjórnarskrárinnar. „Þannig að það eru mörg ákvæði þarna sem bera vitni um tilefni þess að okkur var fallið að skrifa nýja stjórnarskrá. Tilefnið var auðvitað hrunið vegna þess að ef hrunið hefði ekki orðið þá hefði þessi endurskoðun stjórnarskrárinnar ekki náð fram að ganga. Þetta var ein helsta krafa búsáhaldaþyltingarinnar og það sem menn gleyma stundum er að rannsóknarnefnd Alþingis mæltist beinlínis til þess að stjórnarskráin yrði endurskoðuð. Í ljósi alls þess er það óneitanlega sérkennilegt að þeir stjórnmálaflokkar sem voru langsterstu stjórnmálaflokkar landsins á síðustu öld skuli ekki einungis vera áhugalauisir heldur beinlínis fjandsamlegir gagnvar endurskoðun stjórnarskrárinnar.“ Með orðum sínum vísar Þorvaldur auðvitað aftur til Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins.

Kunna ekki að skammast sín

„Gömlu helmingaskiptaflokkarnir hér, Sjálfstæðisflokkurinn

„Gömlu helmingaskiptaflokkarnir hér, Sjálfstæðisflokkurinn aðallega en einnig að miklu leyti Framsóknarflokkurinn, kunna ekki að skammast sín.

aðallega en einnig að miklu leyti Framsóknarflokkurinn, kunna ekki að skammast sín. Enda tók rannsóknarnefnd Alþingis eftir því að af þeim mikla fjölda manna sem voru kvaddir fyrir nefndina til að ræða um hrunið taldi enginn þeirra sig vera ábyrgð, allir vísuðu á aðra. Tungutakti sumra þessara manna vitnar um að þeir búi í einhverjum sýndarveruleika sem er bara alls ekki ábyrgð okkar hinna,“ segir Þorvaldur.

Hann telur þessa flokka ekki geta sest í ríkisstjórn fyrr en innan þeirra eigi sér stað uppjörið við þá atburði sem leiddu til íslenska efnahagshrunsins. „Þetta er fólk sem talar um „svokallað hrun“ og lýsir með því alveg furðulegu skýtingar- og tillitsleysi gagnavart sársauka þeirra tugþúsunda sem hrunið olli miklum skaða. Þetta er alvarlegt vandamál að minni hyggju og þjófir það að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn eru sem stendur óstjórnstærkt. Það er óþöðleg tilhugsun að annar hvor þessara flokka setjist aftur í ríkisstjórn á meðan ekki einn maður þar innanborðs hefur tekið til sín þó ekki væri nema hluta af ábyrgðinni á því sem hér fór úrskeiðis. Ég veit að það hafa orðið kynslóðaskipti í þessum flokkum en þau hafa bara alls ekki skilað neinu uppjöri, ekki enn.“

Samannburðurinn við Austur-Evrópu

Rétt eins og stjórnmálani koma aftur og aftur til tals hjá Þorvaldi er Austur-Evrópa honum nokkuð ofarlega í huga í spjalli okkar. Hann hefur ferðast mikið erlendis á eigin vegum og í stórum sínum fyrir ýmsar stofnanir og samtök, meðal annars Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, í gegnum árin. Þess vegna getur verið fróðlegt að spyrja

Þorvald út í líkindin á milli þessara landa, sem hann þekkir af eigin raun, og Íslands.

Þorvaldur telur að þeir tvær flokkar, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, sem hann telur vera hvað mesta ábyrgð á hruninu, gætu lært ýmislegt af því hvernig kommúnistaflokkar í Austur-Evrópu gerðu upp við sína fortíð eftir fall Sovétríkjanna árið 1989. „Samannburðurinn við Austur-Evrópuþjóðirnar er nærtækur. Þegar kommúnisminn hrundi þar gengu kommúnistar fram í hrönnum og báðust afsökunar. Kommúnistaflokkarnir þar lifa sumir ennþá sémilegu lífi af því þeir tóku sér tak, nema kannski tékkneski kommúnistaflokkurinn sem kann ekki að skammast sín en hann hefur aðeins 20 prósent fylgi. Eistneski kommúnistaflokkurinn brotnaði til dæmis upp og liðsmenn hans gengu í aðra flokka og stjiga með fullri reisni í öðrum flokkum.“

Inntakið í þessari tengingu Þorvaldar á milli þessara kommúnistaflokka í Austur-Evrópu og Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins er því það að flokkarnir tvær, sem stýrðu Íslandi í sameiningu frá 1991 til 2007 og bjuggu við þrá samfélagslegu og efnahagslegu aðstæðu sem orsökðu hrunið 2008, hafi ekki gert upp við þennan tíma. Þetta telur Þorvaldur leiða til þess að flokkarnir geti ekki tekið aftur við stjórnaðunum um í landinu fyrr en uppjöri þeirra við þennan tíma liggja fyrir.

Hrunið og spillingin

Þorvaldur telur líkindin með löndunum í austurhluta álfunnar á dögum kommúnismans og Íslandi vera meira en almennt má telja. Þorvaldur fékk mikinn áhuga á þessum ríkjum eftir að kommúnisminn féll undir lok níunda áratugarins og taldi sig í kjölfarið, eftir að hafa kynnt sér ástandið þar, þekkja Ísland betur fyrir víkið. „Ég laðaðist að Austur-Evrópu löndunum eftir að kommúnisminn hrundi. Reyndar haði ég haft mikinn áhuga á þessu frá því ég var unglingur því ég fann til með fólkinu sem þurfti að búa undir kommúnistastjórn. Náin kynni mín af Austur-Evrópu löndunum og sögur sem maður heyrði þar um ástandið fyrir fall kommúnismans rímuðu mjög við reynslu mína hér heima. Það

Þróunarlönd



Kunna ekki að skammast Þorvaldur segir að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn kunni ekki að skammast sín fyrir fortíð sína og aðkomu sína að hruninu. Hann telur flokkana óstjórnataka á meðan ekkert uppgjör hefur átt sér stað í þeim. MYND: SIGTRYGGUR ARI

Þessi skoðun mín felur það í sér að jafnvel þótt einhver næði að sannfæra mig um að kostnaðurinn sem fylgir aðild Íslands að Evrópusambandinu sé meiri en hagurinn sem við höfum af henni þá myndi ég samt vilja fara þangað inn.

lágmarkskröfum sem útlendingar hafa sett. Með því á ég við að stjórnvöld ráðist í skipulagsbreytingar sem búið er að tala um hér áratugum saman en hafa ekki enn náð fram að ganga. Með því að komast aftur á réttan kjól á ég við að við komumst aftur í miðjan hóp Norðurlanda, mælt í þjóðartekjum á mann í evrum eða dollurum. Núna erum við búnir að dragast langt aftur úr þeim og við þurfum að vaxa hraðar en þau til að komast aftur í miðjan hóp.

Tjón umheimsins af Íslandi

Hrunið hafði því þau áhrif að mati Þorvaldar að ýmis vafasöm mál og spilling komust upp á yfirborðið og að Íslendingar geti í kjölfarið farið að kalla hlutina réttum nöfnum og sagt fullum fetum að Ísland sé spillt land. „Núna, eftir hrun þegar rannsóknarnefndarskýrslan liggur fyrir, þá geta menn ekki haldið áfram að halda því fram að Ísland sé óspillt land og að ekkert hafi í skorist. Samt halda menn áfram að þræta og það er óþolegt. Að visu stíllti ég mig alltaf um að nota orðið spilling um Ísland fyrir hrunið. En svo kom þetta upp á yfirborðið eftir hrunið. Margir tala nú um Ísland sem gerspillt land og það finnst mér einnig óhætt að gera af því að hrunið svipti hulunni af spillingunni.“

Hann segir að Íslendingar skuldi umheiminum hreinskilni. Eina af ástæðum þess segir Þorvaldur vera þá að erlendir aðilar hafi tapað svo miklum fjármunum á íslenska hruninu. „Ég skrifaði grein í Fréttablaðið á sínum tíma þar sem ég sagði að mikilvægt væri að horfa í spegil og kalla hlutina réttum nöfnum. Æ síðan hef ég bara lýst Íslandi fyrir útlendingum eins og ég lýsi því fyrir Íslendingum. Fyrir hrun hafði ég hegðað mér svolítið eins og barinn máki sem reynir að leyna barsmíðunum út á við. Eftir hrun þótti mér það ekki lengur eiga við. Hrunið hefur kostað erlenda aðila fjármuni sem nema fimmfaldri landsframléðslu Íslands og við þara skuldum þeim það að segja þeim sannleikann og draga ekkert undan.“

Einkavæðinguna þarf að rannsaka

Meðal þess sem Þorvaldur staldrar sérstaklega við í umræðunni um spillinguna á Íslandi er einkavæðing Lands- ▶

er segja ofstjórnin á öllu, þessi persónudýrkun stjórnmalanna og annað slíkt, var mjög austurvefrosp. Enda tóku margir eftir því fyrir 30 árum að landsfundur Sjálfstæðisflokksins var alltaf eins og sams konar fundur í Búkarest, Austur-Berlín eða Moskvu. Mér fannst ég bara skilja Ísland miklu betur, alla þessa markaðsfirringu og þetta ofríki stjórnmalanna, eftir að hafa kynnst ríkjum Austur-Evrópu.“

Boðinn velkominn heim í Nígeríu

Þorvaldur segir einnig að ýmis ríki í Afríku kveiki hjá honum sams konar kenndir og vekji hjá honum heimþrá út af tengslunum við neikvæðar hlíðar Íslands. „Einnig laðast ég að ríkjum Afríku af sams konar heimþrá. Þegar ég kom einu sinni til Nígeríu sógðu vinir mínir þar við mig, gestgjafar mínir: Velkominn heim! Þeir höfðu verið að lesa um Ísland

í Financial Times. Margt af því sem ég sé þar í stjórnmálalíf-inu rímar vel við reynslu mína hédan, þar á meðan spillingin. Menn umgangast ráðuneyti sem þeim er trúð fyrir, til lengri eða skemmri tíma, eins og herfang, menn láta greiðar söpa um auðlindir þótt þeir eigi þær ekki heldur þjóðin og svo framvegis.“

Að þessu leyti telur Þorvaldur að Ísland eigi varla heima í hóp með hinum Norður-

landþjóðunum þó Ísland eitti vissulega að vera þar á meðal: „Þess vegna segi ég stundum að Ísland sé líkara Ítalíu, Rússlandi og Japan heldur en Danmörku og Svíþjóð. Ísland hefur í reynd verið eins konar boðflenna í norrænu fjölskyldunni vegna þess að það var svo margt að hjá okkur sem var aldrei að hjá þeim og hafi það verið að einhvern tímann þá var því kipt í lag.“

Þorvaldur vonar þó að í

framtíðinni muni Ísland með réttu geta flokkað sig með hinum Norðurlandþjóðunum, að minnsta kosti í efnahagslegum skilningi, en hann segir að það muni taka tíma fyrir Íslendinga að rétta úr kútnum. „Þetta getur tekið 5 til 7 ár eða jafnvel lengri tíma. Hitt má aldrei gerast að við verðum varanlegur eftirbátur hinna Norðurlandþjóðanna. Ég reisi mína spá á því að stjórnvöld geri meira en bara að fullnægja þeim



Þróunarland Þorvaldur segir að Ísland sé bara ennþá þróunarland í stjórnmálaeigum skilningi. Hann bindur vonir við að frumvarp stjórnlagaráðs geti breytt miklu þar um. MYND: SÍDSTYGGVOR ARI

bankans og Búnaðarbankans í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins á árunum 1998 til 2003. Hann telur að rannsaka þurfi þessa einkavæðingu. Tillaga um að fram fari rannsókn á einkavæðingu bankanna hefur dagað uppi í allsherjarnefnd Alþingis án þess að til hennar hafi spurst, líkt og komið hefur fram opinberlega. „Já, það er algvörulegt að þessi hugmynd hafi dagað uppi [...] Því það sem við vitum um einkavæðingu bankanna bendir til þess að verulegur annmarkar hafi verið á henni og hefur huganlegt að þar hafi verið framin brot í skilningi hegningarlaga. Það er algvörulegt að enginn á Alþingi hafi áhuga á því að þetta verði kannað með svipaðri rannsókn og aðdragandi hrunsins.“

Þorvaldur segir að það liggja á að rannsaka einkavæðinguna til að hægt verði að rétta yfir þeim sem báru ábyrgð á henni ef lögbrot finnst við rannsóknina. „Nú liggur hins vegar á að rannsaka málið því eftir næsta ár, 2012, verður orðið of seint að höfða mál vegna meintra lögbrota í kringum einkavæðingu bankanna. Ég bind reyndar vonir við að farið verði í rannsókn á einkavæðingunni hjá hinu opinbera, til dæmis hjá sérstökum saksóknara. Hinn möguleikinn er að einhverjir skattgreiðendur höfði mál á þeim forsendum að af þeim hafi verið haft fé með því að selja bankana á allt of lágu verði til útvalinna vina stjórnvalda. Slík málaferli geta hrundið af stað opinberri rannsókn.“

Spilling – gömul og ný

Þorvaldur nefnir að umræðan um spillinguna á Íslandi sé ekki ný af nálinni þar sem íslenskir stjórnmálamenn á fyrri hluta og um miðja síðustu öld hafi talað um að íslenskt stjórnmálalíf væri spilt. Þorvaldur nefnir sérstaklega Valtý Guðmundsson og Bjarna Benediktsson í því sambandi. „Þetta spillingartal

í sambandi við Ísland er ekki nýtt af nálinni. Valtýr Guðmundsson, sem var langmerkasti stjórnmálamaður aldamótakynslóðarinnar að minni hyggju, lýsti Íslandi sem gerspiltu landi. En hann gerði það í einkabréfum innan fjölskyldunnar, bréfum sem voru ekki birt fyrir en löngu eftir hans dag. Sömu sögu má segja um Bjarna Benediktsson, síðar forsætisráðherra, sem taldi Ísland vera gerspilt þegar hann lýsti því í bréfum til bróður síns á árunum 1930 til 1940. Mikíð vildi ég þeir Valtýr og Bjarni hefðu ekki bara lát-ið nægja að lýsa þessu í einkabréfum innan fjölskyldunnar, sem enginn fékk að vita um fyrir en löngu eftir þeirra dag, heldur hefðu verið hreinskilnari og talað um þetta opin-skátt. Því ef þeir máttu tala um þetta í bréfum innan fjölskyldunnar þá hefðu þeir líka getað gert það opinberlega. Það er þetta sem hefur breyst“, segir Þorvaldur en með því á hann við það sem áður hefur komið fram: Að hrúnið hafi fært okkur heim sanninn um þá spillingu sem hér ríki.

Þegar Þorvaldur er spurður að því hvornig standi þá á því að Ísland sé svo ofarlega á listum alþjóðlegra stofnana yfir minnst spiltu lönd í heimi segir Þorvaldur að það eigi sér mjög einfalda skýringu. „Aðalspillingarvísitalan er sú sem gefin er út af stofnuninni Transparency International í Berlin, og hún er skilgreind mjög þröngt. Þar er eingöngu átt við fjármála-spillingu, mútugreiðslur í þröngum skilningi. En spilling í embættaveitingum kemur ekki til álita eða fyrgreiðslu-spilling. Ef skilgreiningin yrði rýmkuð þá myndi röð landanna breytast talsvert. Min tilfinning er hins vegar ekki að útlendingar líti á Ísland sem spilt land, ekki enn. Þess vegna er afar mikilvægt að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis verði þýdd. Líkurnar á því að okkur takist að rífa okkur upp úr þessu, þannig að annað hrun eigi sér ekki stað,

Mér finnst bæði hafa tekist vel til og illa að reisa efnahagskerfi landsins við eftir hrúnið 2008

myndu stórbatna ef útlendingar fá að vita hvornig allt var í pottinn búði. Lykillinn að því er að þýða rannsóknarskýrsluna þannig að allir geti lesið hana.“

Ísland sem skrautfjöldur

Þegar Þorvaldur er spurður að því hvornig honum finnst Íslandingum hafa tekist að bregðast við hrúninu segir hann ýmislegt gott hafa verið gert á meðan annað sé laka-ara. Hið jákvæða telur Þorvaldur vera að samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hafi gengið það vel að atvinnulíf-ið sé byrjað að rétta úr kútnum. „Mér finnst bæði hafa tekist vel til og illa að reisa efnahagskerfi landsins við eftir hrúnið 2008. Vel að því leyttinu til að hjál atvinnulífs-ins eru aftur byrjuð að snúast. Efnahagslífið er aftur komið af stað fyrir alvöru eftir að hafa legið niðri fyrstu misserin eftir hrúnið. Við sjáum þetta meðal annars á því að atvinnuleysi hér á landi fór aldrei upp undir 10 prósent eins og menn héldu um myndi gerast heldur er það núna á milli 6 og 7 prósent, sem er lítið á Evrópuvísi. Þetta er til marks um að endurreisnaráætlunin sem ríkisstjómin hefur haldið utan um, og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn átti mikinn þátt í að setja saman, hefur gengið vel.“

Þorvaldur segir að þessi árangur Íslands hafi leitt til þess að lítið sé á Ísland sem skrautfjöldur í hatti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en sjóðurinn hefur sætt harðri gagnrýni fyrir þá aðstoð sem hann hefur veitt ýmsum löndum víða um heim í kjölfar efnahagsferð-

leika. „Enda mun Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn líta svo á að Ísland sé einhver fegursta skrautfjöldurinn í hans hatti. Við sjáum þetta meðal annars á því að jafnvel þeir menn sem hafa gagnrýnt Alþjóðagjaldeyrissjóðinn af hvað mestri hörku, eins og til dæmis Joseph Stiglitz, prófessor við Columbia, hefur borið lof á þá endurreisnaráætlun sem sjóðurinn hjálpaði Íslandingum að smíða. Stiglitz hefur bæði gert þetta opinberlega á vegum sjóðsins en einnig á eigin vegum. Þannig að sjóðsmennirnir geta sagt sem svo að ef þeirra hörðustu gagnrýnendur standa við bakið á þeim á Íslandi þá hefur sjóðinn sennilega tekist nokkuð vel upp.“

Þorvaldur segir hins vegar slæmt hversu langan tíma þessi vinna við endurreisnina eftir hrúnið hafi tekið og að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi til dæmis þurft að vera lengur hér á landi en búist var við í upphafi. „Á móti kemur að þetta hefur gengið of hægt, samanber það að sjóðurinn þurfti að vera hérna í þrjú ár í staðinn fyrir tvö, eins og til stóð, og einnig vegna þess að gjaldeyrishöftin eru hér enn þótt þau hafi upphaflega eingöngu átt að standa í tvö ár. Enginn veit hversu lengi þau munu þurfa að standa. Þau getu þurft að standa í fimm, sex eða sjö ár og sumir vilja meira að segja meina að þau getu þurft að standa þangað til krónan verður látin vilka fyrir evru eða öðrum erlendum gjaldmiðli. Þetta er áhyggjuefni vegna þess að reyndar sýnir það að gjaldeyrishöft spilla; þau hvetja menn til þess að fara framhjá þeim og til þess að brjóta lög. Það er eiginlega verjið að endurgalvæðing atvinnulífið: Freisting útlýtjenda til að færa ekki erlendar gjaldeyrirtekjur heim verður sumum þeirra ógífirgjanleg. Þess vegna þurfa gjaldeyrishöft að vera skammliíf, þegar þau eru á annað borð talin vera nauðsynleg.“

Hægagangur í rannsóknum

Annað sem Þorvaldur tiltekur sérstaklega í uppgjörinu við hrúnið er að rannsóknin á efnahagsbrotum hrunsins hafi ekki gengið nógu hratt fyrir sig. „Svo er annar mælikvarði á hægaganginn sem blasir við öllum og það er seinagangurinn í rannsóknum á hrúninu. Nú eru liðin meira en þrjú ár frá hrúninu og aðeins þrjár ákæru hafa lítið dagsins ljós hjá sérstökum saksóknara. Meira að segja Eva Joly segir opinberlega að nú sé kominn tími til að ákærunar líti dagsins ljós, nú ætti að vera nægur tími liðinn frá hrúninu. Þess vegna liggur á að það gerist. Þetta má ekki dragast langt fram á næstu ár.“

Þorvaldur telur reyndar að það þjóni hagsmunum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins að rannsóknir á hrúninu gangi hægt fyrir sig þar sem hlutdeild þeirra í því sé mikil. Dæmið sem Þorvaldur tekur er af þeirri tillögu Kristjáns Þórs Júlíussonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, að fjárveitingar til Fjármálaeftirlitsins verði lækkaðar. Fjármálaeftirlitið rannsakar mál sem síðan eru send áfram með kærum til sérstaks saksóknara sem rannsakar málin frekar í kjölfarið og gefur út ákæru eftir atvikum. „Mér sýnist á öllu að þeir [Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn] vilji bregða fæti fyrir endurskoðun stjórnarskrárinna og reyndar fyrir uppgjöri, þeir ráðast til dæmis endalaust á Fjármálaeftirlitið til þess að grafa undan því. Og það blasir víð af hverju það stafar. Þessi forherðing er alvarleg eðlis. Sjálfstæðisflokkurinn hefur hag af því að rannsóknin á hrúninu mistakist. Þess vegna er maktalaust að sjá að þingmaður Sjálfstæðisflokksins [Kristján Þór Júlíusson, innskot blaðamanns] krefjist þess að fjárveitingar til Fjármálaeftir-

litsins verði lækkaðar og að stofnunin verði rannsökuð [...] Þetta stafar af því, held ég, að við erum ennþá bara þróunarland í stjórnmálaeigum skilningi. Úlfúðin og vitleysan á stjórnmálavettvangi keyrir stundum um þverbak, eins og þjóðin hefur fyrir augunum frá degi til dags ef hún fylgist með því sem er að gerast á Alþingi, og þetta spillir og tefur – það er ekkert nýtt í því.“

Aftur að stjórnmálunum

Þorvaldur telur að eftirlitsá-tilið og þær stofnanir sem sjá um opinbera uppgjörið við hrúnið verði að fá ráðrúm til að stunda sínar rannsóknir í friði. „Fjármálaeftirlitið þarf að fá skjól til að rannsaka og koma málum áfram til sérstaks saksóknara. Sannleikurinn er sá að Fjármálaeftirlitið er mjög vel mannað. Sá sem stýrir því, Gunnar Andersen, er ekki í neinum stjórnmálaflokki. Hann stendur algjörlega utan við allt þetta hér og gæti þess vegna verið útlendingur og fólkið sem vinnur með honum er af sama tagi. Þetta er harðsnúinn hópur og þessu fólki treysti ég afar vel. Þeim mun meiri ástæða er til að tortryggja þá sem reyna að grafa undan þeim. Mér er kunnugt um að ekki aðeins hafi verið reynt að grafa undan forstjóranum heldur líka öðrum starfsmönnum með því að reyna að finna eitthvað misjafnt í fortíð þeirra“, segir Þorvaldur sem fæst ekki til að segja nákvæmlega frá því hvað hann eigi við með þessum síðustu orðum sínum.

Við erum komnir aftur að þess lags stjórnmálum í nútímanum sem samtal okkar hófst á með tilvisun til helstu orsakavaldar hrunsins 2008 og Þorvaldur telur vera svo stórt vandamálið í íslensku samfélagi – stjórnmálum sem hann vill uppræta með gagnsæið að vopni. Miðað við sýn Þorvaldur á íslenskt stjórnmál eignum við enn langt í land með að ná því markmiði og gera almenninga og endanlega upp við hrúnið. ■